



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
DIRECTORATE OF HEALTH

### Lyfjafraeðingur skemmtir sér.

Í Morgunblaðinu sl. sunnudag er grein eftir Davíð Ingason, markaðsstjóra og lyfjafraeðingum „Danmerkurþrá landlækna“. Tilfnið mun vera það að við höfum bent á þá staðreynd að lyf sem Íslendingar framleiða og selja jafnframt í Danmörku, er tífalt dýrara hér á landi – já, ekki 10% heldur 10 sinnum dýrara. Skiljanlegt er að þessu sé ekki svarað með öðru en aulabrandara, eins og Davíð gerir. Skynsamleg rök finnast ekki.

Ekkert mælir gegn því að lyfjafraeðingar og markaðsmenn, með milljón á mánuði, skemmti sér. En fátækt fólk og veikt, sem greiðir þetta verð fyrir lyfin sín, getur ekki tekið þátt í gríninu. Henni var að minnsta kosti ekki hlátur í huga gömlu konunni sem ræddi við mig í síma fyrir nokkrum dögum. Hún er á lyfinu triazolam sem á að vera á markaði hér á landi. Hvað eftir annað er henni sagt í apótekinu að lyfið sé ekki til þar sem framleiðandinn standi sig ekki. Hún getur í þess stað fengið lyfið Halcion, sem er nær þrefalt dýrara. Virka innihaldsefnið er nákvæmlega hið sama í báðum þessum lyfjum og þau eru að fullu greidd af sjúklingi sjálfum.

Hinum almenna lyfjafraeðingi í apótekinu, sem þarf að útskýra þessa vitleysu fyrir sjúklingnum, er ekki skemmt. En lyfjafraeðingar, sem jafnframt eru markaðsstjórar, geta haldið áfram að skemmta sér.

**Matthías Halldórsson**  
aðstoðarlandlæknir

Grein þessi birtist í Morgunblaðinu 6. júní 2006